

af aðalþætti ákærunnar, og með skírskotun til 2. mgr. 141. gr. l. nr. 27/1951 þykir rétt að ákveða, að ákærði greiði $\frac{1}{3}$ hluta sakarkostnaðar, en $\frac{2}{3}$ hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Geirs Hallgrímssonar hrl., þykja hæfilega ákveðin kr. 3.000,00. Um greiðslu þeirra fer með sama hætti og um greiðslu annars sakarkostnaðar, eins og að framan greinir.

Dóm þenna kvað upp Guðm. Ingvi Sigurðsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, út gefinni 24. október 1957, en hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, úrskurðaði sig frá máli þessu 2. október 1957.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Jónsson, greiði kr. 1.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Geirs Hallgrímssonar hrl., að upphæð kr. 3.000,00, greiðir ákærði að $\frac{1}{3}$ hluta, en $\frac{2}{3}$ hlutar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 160/1958. **Hreiðar Jónsson** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

húsatrygginga bæjarins (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m.

Í héraði krafðist áfrýjandi þess, að stefnda yrði dæmt skylt að greiða honum að fullu andvirði hússins Snælands í Blesugróf, er brann hinn 9. desember 1956. Þar sem fjár-

hæð dómkröfu þessarar er eigi tiltekin, er krafan ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Hér fyrir dómi hafa umboðsmenn aðilja lýst því, að þeir krefjist ekki málskostnaðar. Fellur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti því niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. f. m., hefur Hreiðar Jónsson klæðskeri hér í bænum höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 2. október 1957, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. húsatrygginga bæjarins til þess að fá viðurkennt með dómi, að stefnda beri að bæta raunverulegt andvirði húss stefnanda, Snælands í Blesugróf. Við dómtöku málsins var og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Af hans hálfu var samþykkt, að málskostnaðarkröfu stefnanda mætti koma að í málinu án framhaldsstefnu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti húsið Snæland í Blesugróf, og var hús þetta vátryggt hjá stefnda fyrir kr. 48.100,00. Stefnandi hafði greitt iðgjald til stefnda fyrir árið 1956. Árið 1954 eða 1955 hóf stefnandi húsbyggingu við hliðina á Snælandi, og fluttist hann í nýja húsið í ágústmánuði 1956, þótt það væri þá eigi fullgert, og skildi hann nokkuð af búslóð sinni eftir í Snælandi. Skömmu eftir að flutningur þessi var um garð genginn, lét stefnandi taka eldra húsið af grunninum og flytja það til á lóðinni, þar eð það var í vegi fyrir byggingarframkvæmdum hans, og stóð húsið á botnvölturum um 100 metra frá grunninum, þar til eldur kom upp í því aðfaranótt 9. september 1956. Brann húsið þá til kaldra kola, og eyðilagðist allt, sem í því var. Hús þetta var járnklætt timburhús, innan við 35 fermetra að flatarmáli og rúmaði tvö herbergi, eldhús og forstofu. Einar dyr

voru á húsinu, en fyrir innan þær hafði gólfið fallið að nokkru leyti niður við flutninginn, og mátti skríða þar inn í húsið, en auk þess voru dyrnar ólæstar. Grunur lék á, að hér væri um íkveikju að ræða, en rannsókn málsins fyrir sakadómi leiddi ekki í ljós orsakir eldsvoðans. Er stefnandi leitaði eftir greiðslu bruna-bóta, fékkst stefndi ekki til að greiða þær, og höfðaði stefnandi loks mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 25 frá 1954 hafi hann fengið heimild til að taka í eigin hendur brunatryggingar húseigna hér í bæ. Telur hann heimild þessa og einkarétt þann, er henni fylgir, aðeins taka til húsa, sem föst eru á grunni, hvernig sem frá þeirri festingu er gengið, þannig að telja megja þau fasteign í venjulegri merkingu þess orðs. Af þessu telur stefndi leiða það, að hús, sem tekið er af grunni sínum og flutt þaðan langan veg eða skamman, hverfi úr tryggingu hjá stefnda. Bendir stefndi á, að slík hús séu þá oft tryggð lausafjártryggingu, þar til þau hafi verið flutt á nýjan grunn og tilkynnt til mats og tryggingar á nýja staðnum. Leggur stefndi og áherzlu á það, að stefnandi tilkynnti honum ekkert um flutning hússins, þannig að honum veittist kostur á að endurskoða afstöðu sína til tryggingarsamningsins, er sú forsenda var brostin, að húsinu yrði haldið í sama ástandi, sem það var í við upphaf tryggingar (matsgerð).

Ljóst er, að við flutning hússins og frágang þess að honum loknum varð mikil breyting á verðmæti þess og varðveizlu og þeirri hættu, sem tryggingarsamningurinn náði til. Allar aðstæður voru svo mjög breyttar, að stefnandi mátti ekki gera ráð fyrir, að stefndi mundi setta sig við, að tryggingarsamningurinn héldi gildi óbreyttur, án þess að bein yfirlýsing hans um það kæmi til, en eins og fyrr greinir, tilkynnti stefnandi honum ekkert um ráðstafanir þessar. Verður því að fallast á það með stefnda, að húsið hafi ekki lengur verið í tryggingu eftir þessar aðgerðir, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Dráttur á dómsuppsögu stafar af annríki dómara við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík, f. h. húsatrygginga

bæjarins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreiðars Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 9. marz 1959.

Nr. 163/1958. **Hannes Davíðsson**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1958. Krefst hann þess, að úrskurður fégeta verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram almennur úrskurður fégeta 9. janúar 1958 um lögtök fyrir útsvörum, sem á voru lögð við aukaniðurjöfnun í Reykjavík haustið 1957.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, er áfrýjandi útsvarsskyldur í Reykjavík samkvæmt a-lið 3. mgr. 8. gr. útsvarslaga. Ber því að staðfesta úrskurð fégeta.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hannes Davíðsson, greiði stefnda, borgar-